



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Vesturbyggð, 30. október 2019.

Athugasemdir við drög að samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.

Vísað er til draga að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaráætlun 2020-2024 sem birt voru 17. október 2019 á vefnum Samráðsgátt. Umsagnarfrestur er til 31. október 2019. Eftirfarandi eru athugasemdir sveitarfélagsins Vesturbyggð við drögnum.

1. Drög að samgönguáætlun 2020-2034

Bls. 7 – Grunnet samgangna

Mikilvægt er að Patrekshöfn komist að nýju inn í grunnet samgangna en umsvif á höfninni hafa aukist mikið. Heimafloki Patrekshafnar er verulegur samborið við aðrar hafnir sveitarfélagsins, aflamagn hefur aukist milli ára og þá hefur starfsemi hafnarinnar orðið fjölbreyttari en verið hefur. Þar er m.a. tekið á mótí fjölda skemmtiferðaskipa (26 skipum árið 2019), þjónustaðar útgerðir sveitarfélagsins, strandveiðibátar, ásamt stóraukinni þjónustu við fiskeldisfyrirtæki með þjónustubáta sína og athafnarsvæði. Þá hefur íbúafjölgun orðið nokkur í sveitarfélaginu frá því Patrekshöfn var tekin út úr grunneti samgangna árið 2015 og eru íbúar Vesturbyggðar rúmlega 1.000. Þess er því óskað að Patrekshöfn verði endurflokkuð og henni bætt inn í grunnet samgangna að nýju.

Bls. 17 – Vestursvæði

Í drögum að samgönguáætlun er gert ráð fyrir að veitt verði framlög til Bíldudalsveggar á 2. tímabili 2025-2029. Munu því líða 10 ár þar til framkvæmdum við Bíldudalsveg verði lokið. Vesturbyggð gerir skýlausa kröfu um að framkvæmdir við Bíldudalsveg verði færðar á 1. tímabil áætlunnar og framkvæmdir við veginn verði samhliða framkvæmdum á Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði sem gert er ráð fyrir á 1. tímabili áætlunnar. Gríðarlegt verðmæti eru í því mikla magni afurða sem flutt eru frá Bíldudal og fara um Bíldudalsveg á degi hverjum. Vegurinn mun ekki geta tekið við þeim miklu þungaflutningum sem þar verða næstu 10 árin og því er mikilvægt að framkvæmdum við Bíldudalsveg verði flýtt.

2. Drög að aðgerðaráætlun 2020-2024

Bls. 5 - Bíldudalsflugvöllur

Bíldudalsflugvöllur er í grunneti flugvalla en í samögnuáætlun 2020-2024 er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum eða viðhaldi við flugvöllinn. Framkvæmd við leiðsögu- og ljósabúnað, yfirborðsviðhald



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

flugbrauta var lokið á árinu 2019. Vegur að bílastæði flugvallarins er illa farin og getur við vissar aðstæður verið hættulegur. Umsvif í atvinnulífi á Bíldudal hafa orðið til þess að nýting flugvallarins og flugsamgangna hefur stóraukist, en beint áætlunarflug milli Bíldudals og Reykjavíkur er daglega sex daga vikunnar, ekki er flogið á laugardögum. Það er því mikilvægt að hugað verði að frekara viðhaldi flugvallarins á tímabilinu, og að minsta kosti verði áætluð framlög til viðhalds flugvallarins á 2. tímabili samgönguáætlunar 2020-2034.

Fyrri hluta árs 2018 var farið í tilraunaverkefni í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið þar sem boðið var upp á flug tvisvar á dag á fimmtudögum, var nýting þess mjög góð bæði fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu. Ein mesta notkunaraukning í farþegaflugi á árinu 2018 var í gegnum Bíldudalsflugvöll skv. upplýsingum frá Isavia. Vesturbyggð óskar hér með eftir að aukinn verði stuðningur til að bæta við aukaflugi á fimmtudögum ásamt flugi á laugardögum, samtals átta flug í hverri viku. Þá bindur Vesturbyggð miklar vonir við tillögu um niðurgreiðslu innanlandsflugsins, en þrátt fyrir mikla notkunaraukningu í gegnum Bíldudalsflugvöll er verð á flugmiðum það hátt að íbúar og starfsmenn fyrirtækja kjósa frekar að keyra suður en að nýta flugsamgöngur.

Bls. 11 – Vestfjarðavegur um Gufudalssveit.

Vesturbyggð ítrekar mikilvægi þess að ekki verði frekari tafir á veglagningu Vestfjarðavegar um Gufudalssveit. Áhrif Vestfjarðavegar fyrir sunnanverða Vestfirði eru gríðarleg. Um Vestfjarðaveg aka rúmlega 7 flutningabílar á hverjum degi, sex daga vikunnar með varning, mest fisk frá sunnanverðum Vestfjörðum til Þorlákshafnar, Reykjavíkur eða Keflavíkur og til baka. Samtals um 4.200 ferðir á ári (Háskólinn á Akureyri, 2017). Um Vestfjarðaveg fara einnig íbúar sunnanverðra Vestfjarða sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu (aðeins hluta úr ári er unnt að sækja heilbrigðisþjónustu til heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði og þangað er ekki hægt að sækja alla heilbrigðisþjónustu). Um Vestfjarðaveg fara flest öll aðföng til sunnanverðra Vestfjarða og þá eru önnur verðmæti en eldisfiskur fluttur af svæðinu eins og sjávararafurðir og landbúnaðarafurðir.

Áhrif þess ef frekari tafir verða á samgöngubótum um Vestfjarðaveg

- Núverandi ástand Vestfjarðavegar mun hamla vexti fyrirtækja á sunnanverðum Vestfjörðum og samkeppnisstaða fyrirtækjanna versnar.
- Búsetuskilyrði íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum verða áfram skert.
- Jákvæð samfélagsþróun sem orðið hefur, mun standa í stað og jafnvel verða neikvæð að nýju.
- Nýting Dýrafjarðagangna verður minni.

Vesturbyggð fagnar því að tryggð eru í drögum aðgerðaráætlunar 2020-2024 framlög á 1. tímabili, til uppbyggingar þessara mikilvægu samgöngubóta fyrir sunnanverða Vestfirði og ítrekar mikilvægi þess að ekki verði frekari tafir á framkvæmdinni.



Bls. 11 - Vestfjarðavegur um Dynjandisheiði

Vesturbyggð lýsir áhyggjum sínum af því að enn liggi ekki fyrir frummatsskýrsla vegna veglagningar um Bíldudalsveg og Vestfjarðaveg um Dynjandisheiði sem átti að liggja fyrir í mars 2019. Sveitarfélagið hefur fengið þær upplýsingar að Vegagerðin vinni nú úr athugasemdum Skipulagsstofnunar og í byrjun nóvember 2019 eigi frummatsskýrslan að liggja fyrir. Dýrafjarðagöng verða að öllu óbreyttu opnuð í september 2020 og verða þá Bíldudalsvegur og Dynjandisheiði áfram illfær, enda um að ræða malarveg sem hefur fengið takmarkað viðhald á síðustu áratugum.

Vesturbyggð fagnar því að tryggð eru, í drögum aðgerðaráætlunar, fjárframlögum á 1. tímabili til uppbyggingar þessara mikilvægu samgöngubóta fyrir Vestfirði í heild sinni. Fram að þeim tíma að framkvæmdum verður lokið er gerð sú skýlausa krafa að tryggt verði fullnægjandi viðhald og fullnægjandi vetrarþjónusta á Bíldudalsvegi og Dynjandisheiði, þannig að unnt sé fyrir íbúa og fyrirtæki á sunnanverðum Vestfjörðum að nýta þjónustu á norðanverðum Vestfjörðum eftir að Dýrafjarðagöng hafa verið opnuð í september 2020.

Bls. 11 - Örylgshafnarvegur

Í drögum aðgerðaráætlunar er áætlaður kostnaður við framkvæmdir á Örylgshafnarvegi 150 millj. kr. á árinu 2021 og fagnar Vesturbyggð því að framkvæmdinni sé flýtt. Vesturbyggð bendir þó á að gríðarleg aukning hefur verið í fjölda þeirra ferðamanna sem fara um Örylgshafnarveg og heimsækja Látrabjarg. Samkvæmt upplýsingum Ferðamálastofu voru gestir á Látrabjargi um 70.000 á árinu 2018. Vegna hagkvæmra veðurskilyrða sumarið 2019 má ætla að nokkur aukning hafi orðið í fjölda gesta. Mikilvægt er því að nægjanlegt viðhaldsfé sé tryggt í Örylgshafnarveg, þar til unnt verður að ljúka við endurbyggingu vegarins í heild sinni.

Bls. 16 – Hafnarbótasjóður – Bíldudalshöfn

Í drögum aðgerðaráætlunar er heildarkostnaður við tengingu Kalkþörungabryggju og hafskipabryggju 387 millj. kr. og gert ráð fyrir að Hafnarbótasjóður veiti 219,4 millj. kr. framlag til framkvæmdarinnar. Framkvæmdin hefur verið boðin út. Vesturbyggð ásamt fyrirtækjum sem nýta hafnaraðstöðu á Bíldudalshöfn hafa kallað eftir því að framkvæmdum við höfnina skv. samgönguáætlun verði flýtt eins og mögulegt er, þar sem athafnarsvæði og viðlegupláss á Bíldudalshöfn er lítið og rúmar ekki þá miklu atvinnustarfsemi sem þar fer fram. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til Vegagerðarinnar hefur framkvæmdinni ekki verið hraðað og framkvæmd verksins ekki boðin út fyrr en nú í október 2019. Eftir að framkvæmdum lýkur mun athafnarsvæði aukast aftan við nýjan stálpilskant og mun viðlegupláss aukast frá því sem það er í dag. Þessi einstaka framkvæmd leysir þó aðeins að litlu leyti þann mikla skort sem er á athafnarsvæði og hafnaraðstöðu við Bíldudalshöfn.

Lítið sem ekkert hefur verið um nýframkvæmdir um árabíl og á Bíldudalshöfn er einnig uppsöfnuð viðhaldsþörf, eftir áratuga taprekstur hafnarsjóðs Vesturbyggðar. Þá hafa framlög úr Hafnarbótasjóði verið



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

óveruleg um nokkuð langt skeið og erfitt hefur reynst að sýna fram á sjálfbærni hafnarinnar í samræmi við 24. gr. hafnalaga nr. 61/2003, fyrr en nú. Framleiðsla fyrirtækjanna Arnarlax, Arctic Fish og Íslenska kalkþörungafélagsins hefur aukist hratt á stuttum tíma. Í fiskeldi er framleiðsla ársins 2019 samtals, 13.000 tonn og er öllum eldisfisk af sunnanverðum Vestfjörðum, þ.e. Patreksfirði, Tálknafirði, Arnarfirði og Dýrafirði landað á Bíldudalshöfn. Kalkþörungavinnsla úr Arnarfirði er um 80.000 tonn á árinu 2019. Fyrirtækin gera ráð fyrir að framleiðsla í fiskeldi verði rúmlega 50.000 tonn og kalkþörungavinnsla 120.000 tonn á næstu árum og þá siglir Samskip gámaflutningaskipi sínu á hverjum miðvikudegi til Bíldudalshafnar. Þessi auknu umsvif kalla því á aukið athafnarsvæði og viðlegupláss. Samkvæmt tillögum Vesturbyggðar sem skilað var til Vegagerðarinnar vegna undirbúnings samgönguáætlunar er þess óskað að veitt verði áframhaldandi framlög að loknum þeim framkvæmdum sem áætlaðar eru í 1. áfanga, þar sem þörfin er mikil og vex með auknum kröfum notenda hafnarinnar. Þá hefur Vesturbyggð verulegar áhyggjur af öryggi þeirra starfsmanna sem eru daglega við störf á Bíldudalshöfn vegna þeirra miklu þrengsla sem þar eru.

Bls. 16 – Hafnarbótasjóður – Brjánslækjarhöfn


Flýta þarf framkvæmdum við Brjánslækjarhöfn sem mælt er fyrir um í drögum aðgerðaráætlunar. Í tillögum Vesturbyggðar til Vegagerðarinnar var einnig lagt til að farið verði í lagfæringar á eldri bryggju, skipt um þekju hennar og fleira, en ástand hennar er mjög slæmt. Á meðan enn er óleyst það áratuga gamla mál að leggja nýjan Vestfjarðaveg um Gufudalssveit, gegnir höfnin gríðarlega mikilvægu hlutverki í vegakerfi og tengingu sunnanverða Vestfjarða við sunnanvert landið. Það er því nauðsynlegt að Hafnarbótasjóður komi að frekara viðhaldi og nýframkvæmdum við Brjánslækjarhöfn.

Bls. 20 – Viðhaldsdýpkun og frumrannsóknir – Patrekshöfn

Í drögum aðgerðaráætlunar er gert ráð fyrir 9 m. kr. framlagi til öldustraumsrannsókna á árunum 2020-2021. Er þess óskað að áhersla verði lögð á að ljúka þeim rannsóknum eins fljótt og verða má, svo unnt sé að halda áfram vinnu við lengingu stórskipakants. Var þess sérstaklega óskað í tillögum Vesturbyggðar til Vegagerðarinnar vegna vinnu við samgönguáætlun.

Bls. 20 – Viðhaldsdýpkun og frumrannsóknir - Örlýgshöfn

Í drögum aðgerðaráætlunar er ekki gert ráð fyrir viðhaldsdýpkun eða frumrannsóknum í Örlýgshöfn eins og Vesturbyggð óskaði eftir í tillögum sínum til Vegagerðarinnar. Örlýgshöfn hefur ekki verið nýtt um árabíl, en hún er staðsett sunnanmegin í Patreksfirði. Vegna aukinna krafna um sjúkdómastöðu innan hafna með tilkomu aukins fiskeldis er æskilegt að nýta þau hafnarmannvirki sem þar eru fyrir m.a. fyrir þjónustubáta í fiskeldi, en til þess að slíkt geti orðið þarf að ráðast í dýpkun hafnarinnar og nauðsynlegar lagfæringar. Vesturbyggð gerir ráð fyrir að tekjur sem kæmu til af höfninni, verði hún gerð nothæf ættu að geta staðið undir nauðsynlegum framkvæmdum með stuðningi Hafnarbótasjóðs. Ítrekuð er því krafa Vesturbyggðar að framlögð verði tryggð til hafnarinnar á tímabilinu.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

Bls. 21 – Framkvæmdir í hönfum utan grunnets – ríkisstyrktar

Í drögum aðgerðaráætlunar er kveðið á um 7 m.kr. framlag til hafnar vogar á Patrekshöfn á árinu 2024. Með vísan til c. 1. mgr. 24. gr. hafnalaga nr. 61/2003 óskaði Vesturbyggð eftir styrk til nýframkvæmda, þ.e. kaup á hafnarvog vegna aukinna umsvifa í strandveiði og einnig hliði, girðingu og móttökuhúsi vegna móttöku erlendra ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum til hafnarinnar og er hluti af öryggisbúnaði og landamæraeftirliti hafnarinnar. Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna í drögum en óskað er að á tímabilinu verði veittur stuðningur við uppbyggingu öryggisbúnaðar á Patrekshöfn vegna móttöku erlendra ferðamanna á Patrekshöfn.

Bls. 29 – Inngangur

Í inngangi í drögum að samgönguáætlun segir *”Áætlunin nú er uppfærsla á þeirri áætlun sem samþykkt var á Alþingi þann 7. febrúar 2019. Þeir þættir sem bætast nú nýir við eru áhersluatriði úr nýjum stefnum í flugi og almenningsamgöngum, tilkoma samgöngusáttmála fyrir höfuðborgarsvæðið, greiningar á jarðgangakostum á Austurlandi og Sundabraut og sérstökum flýti framkvæmdum í grunnneti vegasamgangna auk samvinnuverkefna.”* Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir frekari greiningu á jarðgangakostum á Vestfjörðum á tímabilinu.

Svo Vesturbyggð og Tálknafjarðahreppur geti talist sem eitt vinnusóknarsvæði er nauðsynlegt að bæta samgöngur á milli byggðakjarnanna þriggja svo þær sé skilvirkar og tryggar allt árið um kring. Í dag ekur t.d. starfsmaður Arnarlax sem búsettur er á Patreksfirði yfir Mikladal niður í Tálknafjörð og yfir Hálfán í Bíldudal, en báðir vegirnir eru fjallvegir þar sem vetrarfærð getur verið þung og lokanir tíðar vegna veðurs. Þá þarf starfsmaður Vesturbyggðar sem er búsettur á Barðaströnd að aka yfir Kleifaheiði, þar sem einnig er algengt að vetrarfærð sé þung og lokanir tíðar. Á 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga 25. og 26. október 2019 var ályktað um mikilvægi þess að gert væri ráð fyrir frekari jarðgangakostum á Vestfjörðum með áherslu á sunnanverða Vestfirði.¹ Einnig var ályktað um mikilvægi þess að unnin yrði uppfærð heildaráætlun um jarðangagerð á Vestfjörðum.²

Við endurskoðun jarðgangaáætlunar, er þess hér með óskað að mælt verði fyrir um undirbúning og framkvæmd við framangreinda jarðgangakosti á sunnanverðum Vestfjörðum, þ.e. jarðgöng undir Hálfán, Mikladal og Kleifaheiði, í endurskoðaðri jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar.

¹ Þingsskjal nr. 33. Ályktun um samgöngumál, bls. 8 – 10.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorðungsting/4.Hausting/alyktanir-lok-stadfest.pdf>
[sótt af vef 29. október 2019]

² Þingsskjal nr. 34. Ályktun um uppfærða heildaráætlun um jarðangagerð á Vestfjörðum, bls. 11.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorðungsting/4.Hausting/alyktanir-lok-stadfest.pdf>
[sótt af vef 29. október 2019]



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300




Innviðagreining Vesturbyggð maí 2019 (verkfræðistofan Efla)

Tillögur að jarðgöngum og vegabótum til að bæta tengingar fyrir Vesturbyggð. Gráar brotalinur sína síðri kosti við gerð jarðganga. Appelsínugular brotalinur sína ákjósanlega kosti fyrir gangnagerð út frá þessum frumskoðunum. Bleik, blá og rauð lina sína stofnvegi innan sveitarfélagsins.³

Bls. 38 – 39 – Vegagerðin

Í drögum aðgerðaráætlunar er vísað til nýsamþykkrar stefnu Vegagerðarinnar þar sem hlutverk stofnunarinnar er skilgreint „Vegagerðin skal í starfssemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.“ Þá segir enn fremur að hér sé átt við viðleitni stofnunarinnar að tryggja svo sem verða má samgöngur innan skóla- og vinnusóknarsvæða, auk þarfa atvinnulífs, öryggi íbúa, vegfarenda og sjáfarenda sé í forgangi í vinnu stofnunarinnar. Þá er einnig getið um það að markmið með þjónustu Vegagerðarinnar sé að endurspeglja þarfir samfélagsins hverju sinni m.t.t. búsetu og atvinnuhátta. Einnig er þess getið að með hlýnandi veðurfari þurfi að auka hálkuvarnir þótt snjóhreinsun verði minni.

³ Innviðagreining Vesturbyggð 3. maí 2019, bls. 93 - <https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2019/05/4063-002-gre-004-v02-innviagreining-vesturbyggde-prentun-1.pdf> [sótt af vef 29. október 2019]



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

Vesturbyggð fagnar því að aukið fé sé áætlað í þjónustu á vegum. Það er þó ekki unnt að átta sig á forgangsröðun þeirra vega sem þarfnast þjónustunnar og endurskoðuð áætlun um vetrarþjónustu liggur ekki fyrir á vef Vegagerðarinnar. Á sunnanverðum Vestfjörðum þurfa íbúar að fara um Mikladal, Hálfván og Kleifaheiði til að sinna skóla og atvinnu. Það er því gríðarlega mikilvægt ef stofnunin á að ná markmiðum sínum samkvæmt samgönguáætlun að tryggt verði nægjanlegt fjármagn til þjónustu á vegum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Bls. 39 – Styrkir til almenningsamgangna

Vesturbyggð og Tálknafjarðahreppur hafa boðið upp á almenningsamgöngur þrisvar á dag á milli byggðakjarnanna, Bíldudal, Tálknafjörð og Patreksfjörð, en verkefnið er fjármagnað í gegnum styrki frá ríknu. Mikilvægt er að sveitarfélögunum verði áfram tryggðir þessir styrkir til að geta haldið áfram verkefninu en það hefur nýst vel, m.a. fyrir íbúa og fyrirtæki á svæðinu. Vesturbyggð ítrekar því að sérstaklega sé gætt að verkefninu þegar Vegagerðin tekur yfir rekstur almenningsamgangna.

Bls. 40 – Viðhald

Vegna aukinnar atvinnustarfsemi í Vesturbyggð og auknum þungaflutningum eru tilteknir vegakaflar innan sveitarfélagsins illa farnir og þarfnast nauðsynlega viðhalds. Má þar helst nefna veginn um Mikladal og veginn inn í þorpið á Bíldudal (Dalbraut). Nauðsynlegt er að tryggt verði viðhaldsfé í þessa tvo vegakafla á 1. tímabili samgönguáætlunar, sérstaklega með tilliti til umferðaröryggis. Líklegt verður að telja að þessir vegakaflar uppfylli þær forsendur sem gert er ráð fyrir í viðhaldsstjórnunarkefi Vegagerðarinnar, þar sem litið er til nýframkvæmda, ástandsskoðana og mælinga og flokkist því framarlega í forgangsröðun vega sem þarfnast viðhalds. Vesturbyggð leggur því ríka áherslu á að viðhaldsfé verði tryggt í þessa tvo vegakafla svo koma vegi í veg fyrir slys og eignatjón.

3. Framkvæmdir sem ekki er fjallað sérstaklega um í drögum að samgönguáætlun eða aðgerðaráætlun

Ný aðkomuleið að þorpinu á Bíldudal í gegnum Bíldudalsvog

Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur óskað eftir því við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að í drögum aðgerðaráætlunar 2020-2024 verði gert ráð fyrir framlögum í frumathugun og hönnun á nýrri aðkomuleið að þorpinu á Bíldudal í gegnum Bíldudalsvog. Mikilvægt er að beina vaxandi umferð um þorpið í nýjan farveg, þar sem núverandi aðkoma liggur um aðal íbúagötu byggðarinnar og þurfa skólabörn að þvera veginn (Dalbraut) oft á dag. Vegna aukinna umsvifa í atvinnurekstri fyrirtækja á svæðinu hefur þungaflutningur aukist gríðarlega og því mikilvægt að hönnuð verði önnur veglína inn í þorpið. Þar með verði umferðaröryggi gangandi vegfarenda og þá sérstaklega barna aukið verulega.

Vegur um Mikladal og Hálfván

Vegna aukinna umsvifa í atvinnurekstri á sunnanverðum Vestfjörðum er verulega farið að sjá á veginum um Mikladal og Hálfván vegna m.a. þungaflutninga. Vegurinn er orðinn gamall og hann uppfyllir ekki í



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300

dag þær öryggiskröfur sem gerðar eru til vega sem þessara. Gríðarleg umferð fer um veginn um Mikladal og sýna umferðatölur Vegagerðarinnar að umferðin hefur verið að aukast frá ári til árs. Í dag er vegurinn um Mikladal fjölfarnasti vegur á Vestfjörðum. Mikilvægt er að framlög verði tryggð í samgönguáætlun til viðhalds og lagfæringar á þessum vegum og að minnsta kosti verði tryggð framlög til viðhalds, þar til lokið verður við jarðgangagerð undir Mikladal og Hálfán.

Rauðasandsvegur og Örlygshafnarvegur

Gríðarleg aukning hefur verið í fjölda þeirra ferðamanna sem heimsækja Rauðasand og Látrabjarg. Þangað liggja malarvegir sem lagðir voru á árunum 1950-1960, yfir annars vegar Skersfjall niður á Rauðasand og hins vegar um Vörðubrekku og Hafnarfjall út á Látrabjarg. Samkvæmt upplýsingum Ferðamálastofu voru gestir á Rauðasandi tæplega 50.000 og gestir á Látrabjargi um 70.000 á árinu 2018. Vegna hagkvæmra veðurskilyrða sumarið 2019 má ætla að nokkur aukning hafi orðið í fjölda gesta á svæðinu á árinu 2019. Vesturbyggð hefur miklar áhyggjur af ástandi þeirra vega sem þessi mikli fjöldi gesta keyrir til að geta skoðað þessar einstöku náttúruperlur á sunnanverðum Vestfjörðum. Að mati Vesturbyggðar hefur of litlu viðhaldsfé verið ráðstafað í þessa vegakafla á síðustu áratugum og mikilvægt að framkvæmdum við endurbyggingu veganna verði hraðað eins og kostur er.


Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggð

